

Skíðasamband Íslands

Þinggerð 75. Skíðapings



Haldið í Stjórnsýsluhúsinu
á Ísafirði
20. og 21. september 2024

Efnisyfirlit

Föstudagur 20. september	1
1) Þingsetning.....	1
2) Kosning þingforseta	1
3) Kosning þingritara.....	1
4) Kosning í kjörbréfanefnd.....	1
5) Heiðursviðurkenningar SKÍ.....	1
6) Ávörp gesta	2
7) Skýrsla stjórnar og nefnda	2
8) Ársreikningur SKÍ.....	2
9) Álit kjörbréfanefndar	2
10) Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga.....	2
11) Afgreiðsla reikninga.....	2
12) Fjárhagsáætlun lögð fram.....	2
13) Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda	3
14) Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar.....	4
Laugardagur 21. september	5
15) Tillögur og ályktanir afgreiddar	5
Þingskjal 2 – Fjárhagsáætlun 2025	5
Þingskjal 3 – Lagabreyting á 1., 2., 8. & 10. gr.....	6
Þingskjal 4 – Lagabreyting á 14. & 10. gr.....	7
Þingskjal 5 – Lagabreyting á 6. gr.....	8
Þingskjal 6 – tillaga um bikarmót í skíðaskotfimi.....	8
Þingskjal 7 – Þingsályktun um bætt samskipti og upplýsingaflæði	10
Þingskjal 8 – Þingsályktun um skoðun á verklagsreglum varðandi skráningar á mót.....	10
Þingskjal 12 – Þingsályktun um mótaskráningar og uppgjör móta	11
Þingskjal 9 – Þingsályktun um verklagsreglur o.fl. vegna bókana æfinga- og keppnisferða	12
Þingskjal 10 – Þingsályktun um uppfærslu aldursákvæða í keppnisreglum.....	12
Þingskjal 11 – Þingsályktun um aðstöðumál.....	13
Þingskjal 13 – Keppni í stubbum.....	13
Þingskjal 14 – Tillaga að breytingu á reglugerð um SMÍ í skíðagöngu	13
Þingskjal 15 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Íslandsgöngu	14
Þingskjal 16 – Tillaga að breytingu á gjaldskrá.....	14
16) Kosning formanns skíðaskotfimnefndar	14
17) Kosning kjörnefndar	15
18) Þingslit.....	15

Föstudagur 20. september

1) Þingsetning

Bjarni Th. Bjarnason, formaður SKÍ, setti 75. þing SKÍ og bauð gesti og þingfulltrúa velkomin.

2) Kosning þingforseta

Formaður lagði til Gylfa Ólafsson sem þingforseta.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti, Gylfi Ólafsson, þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

Engin andmæli þingfulltrúa.

3) Kosning þingritara

Þingritari: Daði Rúnarsson og Jónas Egilsson sem annar þingritari.

Tilnefningar samþykktar með lófaklappi.

4) Kosning í kjörbréfanefnd

Tilnefnd í kjörbréfanefnd voru Davíð Björnsson formaður, Kristján Hauksson og Óskar Óskarsson.

Samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti kallar eftir kjörbréfum sem á að skila til ritara þingsins eða formann kjörbréfanefndar.

5) Heiðursviðurkenningar SKÍ

Formaður veitti eftirtöldum heiðursmerki SKÍ fyrir vel unnin störf í þágu hreyfingarinnar:

Silfurmerki SKÍ:

Birna Jónasdóttir, SFÍ

Guðmundur Agnarsson, SFÍ

Jóhanna Oddsdóttir, SFÍ

Jóna Lind Kristinsdóttir, SFÍ

Sigríður Laufey Sigurðardóttir, SFÍ

Sigurður Erlingsson, SFÍ

Þórunn Pálsdóttir, SFÍ

Davíð Höskuldsson, SFÍ

Guðjón Höskuldsson, SFÍ

Gullmerki SKÍ

Þorlákur Baxter, SFÍ

Heiðurskross SKÍ

Hafsteinn Sigurðsson, SFÍ fyrrum landsliðsþjálfari Íslands í alpagreinum og formaður Skíðaráðs Ísafjarðar um árabíl.

Bls. / 2

6) Ávörp gesta

Gylfi Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar flutti kveðjur til þingheims frá heimamönnum og bauð þingfulltrúa velkomin til skíðabæjarins Ísafjarðar.

Vésteinn Hafsteinsson, afreksstjóri ÍSÍ, bar góðar kveðjur frá forseta, framkvæmdastjórn og starfsmönnum ÍSÍ. Þakkar gott samstarf og samvinnu við SKÍ á árinu sem er að líða, ræðir starfsemi ÍSÍ, afreksstefnu næstu 5 ár og önnur tengd mál. Skíðaíþróttin er mikil lýðheilsuhreyfing sem er mikilvæg fyrir lýðheilsu landsmanna.

7) Skýrsla stjórnar og nefnda

Formaður sambandsins, *Bjarni Th. Bjarnason*, fór yfir skýrslu stjórnar, en ræða hans er birt á heimasíðu sambandsins.

Sigurður Nikulásson fór yfir skýrslu alpagreinanefndar.

Einar Ólafsson fór yfir skýrslu skíðagöngunefndar.

Aðalsteinn Valdimarsson, formaður brettanefndar biður fyrir kveðju til þingsins en fór ekki yfir skýrslu brettanefndar sem liggur fyrir þingið sem hluti af þinggögnum.

8) Ársreikningur SKÍ

Jónas Egilsson, framkvæmdastjóri lagði fram endurskoðaða ársreikninga 2023 og fór ítarlega í gegnum helstu niðurstöður ásamt væntingum til framtíðartekna frá alþjóðaskíðasambandinu. Þeir eru birtir á heimasíðu sambandsins.

9) Álit kjörbréfanefndar

Davíð Björnsson, formaður kjörbréfanefndar, kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. Alls voru 32 þingfulltrúar mættir frá 15 félögum sem fara með 32 atkvæði á þinginu. Til að fá samþykki fyrir 2/3 hluta atkvæðagreiðslu (sem þarf fyrir lagabreytingar) þarf því 22 atkvæði og en skipting við hreinan meirihluta atkvæða miðast við 17 atkvæði.

10) Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga

Þingforseti óskaði eftir athugasemdum eða umræðu um skýrslu stjórnar frá þingfulltrúum.

Til máls tóku: Kristinn Magnússon SKA, Ásta Þorleifsdóttir SFÍ, Sigríður María SKA, Einar Ólafsson Ulli/SKÍ, Jóhann Friðrik Haraldsson KR.

Jónas Egilsson svaraði framkomnum fyrirspurnum.

11) Afgreiðsla reikninga

Þingforseti bar ársreikning sambandsins 2023 undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

12) Fjárhagsáætlun lögð fram

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 var kynnt af *Jónasi Egilssyni framkvæmdastjóra SKÍ*, en öll þingskjöl voru send aðildarfélögum SKÍ með lögbundnum fyrirvara.

Fjárhagsáætlun var lögð fram miðað við óbreytt gegnumstreymi og væntanlegar tekjur frá ÍSÍ auk alþjóðasambandinu. Lögð fram með þeim fyrirvara.

13) Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda

Þingskjal nr. 2 – Fjárhagsáætlun 2025. Vísað til allra nefnda.

- Allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 3 – Tillaga að breytingu á breytingu á 1., 2. og 8. gr. laga SKÍ – frá stjórn SKÍ

- Allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 4 – Tillaga að breytingu á breytingu á 14. og 10. gr. laga SKÍ – frá stjórn SKÍ

- Allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 5 – Tillaga að breytingu á breytingu á 6. gr. laga SKÍ – frá SFÍ

- Allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 6 – Tillaga að reglugerð um keppni í tvíkeppni (skíðaskotfimi) – frá stjórn SKÍ

- Skíðagöngunefnd og Allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 7 – Tillaga til ályktunar um bætt samskipti og upplýsingaflæði innan hreyfingarinnar – frá SFÍ

- Allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 8 – Tillaga að ályktun um verklagsreglur um skráningu á bikarmót o.fl. – frá SFÍ

- Allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 9 – Tillaga að ályktun um verklagsreglur vegna bókana æfinga- og keppnisferða – frá SFÍ

- Allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 10 – Tillaga að breytingum á aldursflokkaákvæðum í reglugerðum um Bikarkeppni og Íslandsgöngu – frá stjórn SKÍ

- Vísað til allra nefnda

Þingskjal nr. 11 – Tillaga að ályktun um íþrótt- og aðstöðumál – frá stjórn SKÍ

- Vísað til allra nefnda

Þingskjal nr. 12 – Tillaga að ályktun um mótaforrit SKÍ og skráningu keppenda á mót – stjórn SKÍ

- Vísað til allra nefnda

Þingskjal nr. 13 – Tillaga að leiðbeinandi tilmælum til skíðafélaga um innleiðingu þjálfun og keppni í stubbum og blandsvigi – frá Alpagreinaneftnd SKÍ

- Vísað til Alpagreinaneftndar

Þingskjal nr. 14 – Tillaga til breytinga á Reglugerð um Íslandsgöngu, frá Skíðafélagi Ólafsfjarðar.

Samþykkt einróma af þingfulltrúum að taka skjalið til afgreiðslu á þinginu, en hún barst eftir að tilskilinn frestur til að senda inn tillögur rann út.

- Vísað til Skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 15 – Tillaga um breytta gjaldskrá frá Skíðafélagi Ísafjarðar

Samþykkt einróma af þingfulltrúum að taka skjalið til afgreiðslu á þinginu, en hún barst eftir að tilskilinn frestur til að senda inn tillögur rann út.

- Vísað til Allsherjarnefndar.

14) Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar.

Á þinginu voru fjórar nefndir: Alpagreinanevnd, Skíðagöngunefnd, Snjóbrettanevnd og Allsherjarnefnd.

Tillaga stjórnar um formenn, en þingfulltrúar taka sæti í nefndum eftir eigin áhuga:

- Alpagreinanevnd – Sigurður Sveinn Nikulásson.
- Skíðagöngunefnd – Einar Ólafsson.
- Snjóbrettanevnd – Ásgeir Örn Jóhannsson.
- Allsherjarnefnd – Gísli Reynisson.

Bls. / 4

Allir nefndir tóku til starfa og unnu til um 22:00 og aftur frá 9 til 10 næsta dag.

Þingfundi frestað til morguns kl. 13:00.

Laugardagur 21. september

Að loknum fundi nefnda á laugardagsmorgni var haldinn almennur og vel heppnaður umræðufundur um málefni alpagreina og önnur mál hreyfingarinnar undir forystu Vésteins Hafsteinssonar, afreksstjóra ÍSí.

Þingfundi framhaldið kl. 13:00.

Þingforseti setur framhald þingsins.

15) Tillögur og ályktanir afgreiddar

Gísli Reynisson formaður allsherjarnefndar tók til máls.

Þingskjal 2 – Fjárhagsáætlun 2025

Fjárhagsáætlun SKÍ 2025. Framlögð áætlun gerir ráð fyrir yfir 11 m.kr. halla eftir nánari skoðun sem er ekki ásættanlegt. Tillaga lögð fram um að lækka kynningar- og markaðsmál, auk þess að skerða íþróttastarfið um 9 m.kr. til að ná fram hallalausum rekstri. Áætlun mun svo taka breytingum ef væntanlegar viðbótartekjur muni skila sér.

Jóna Dagbjörg tók til máls. Ábyrg fjármálastjórnun er forsenda góðs starfs og gegnsæi gagnvart skíðahreyfingunni. Kallar eftir skýru verklagi og hvetur stjórn til að taka fjármál SKÍ með styrkri hendi.

Þingforseti lagði þingskjal 2 fram til afgreiðslu.

Fjárhagsáætlun 2025

Rekstrartekjur	Áætlun	
	2025	Hlutf. tekna
1. Framlög og styrkir	101.500.000	76,2%
2. Tekjur af mótum	8.200.000	6,2%
3. Framlög afreksfólks	5.000.000	3,8%
4. Aðrar tekjur	18.500.000	13,9%
Samtals	133.200.000	100%

Rekstrargjöld	Áætlun	
	2025	Hlutf. tekna
5. Íþróttastarf	99.110.000	74,4%
6. Kynning fræðsla og útbreiðsla	5.000.000	3,8%
7. Rekstur skrifstofu og stjórnar	24.900.000	18,7%
Samtals	129.010.000	96,9%

Afkoma reksturs (-tap)	4.190.000	3,15%
Fjármunatekjur og gjöld		
Vaxtatekjur	100.000	0,1%
Fjármagnskostnaður	-400.000	-0,3%
Afskriftir		
Samtals	-300.000	-0,2%
Hagnaður (-tap) ársins	3.890.000	2,9%

Til viðbótar eru á fjárstreymisáætlun um kr. 3.000.000 áætlaðar eða um kr. 250.000 sem er áætlað í afborganir af 7 m.kr. láni sem tekið var vorið 2024. Nettó afkoma.890.000 til ráðstöfunar

Samþykkt samhljóma.

Þingskjal 3 – Laqabreyting á 1., 2., 8. & 10. gr.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal 3 yrði samþykkt.

Breytingar á 1., 2., 8. og 10. gr. laga SKÍ

1. gr.

Stafliður A í 1. gr. hljóðist svo:

- Skíðasamband Íslands, SKÍ, er samband íþróttafélaga innan héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll félög innan ÍSÍ sem iðka, æfa og keppa í skíða- og snjóþettaíþróttum samkvæmt reglum Alþjóðaskíðasambandinu (FIS), skíðaskotgreinum skv. reglum Alþjóðatvíkeppnissambandsins (IBU) og Alþjóða snjóþettasambandinu (WSF) geta átt aðild að SKÍ, enda eru lög þeirra í samræmi við lög SKÍ og ÍSÍ. Hér eftir nefnd aðildarfélög.

2. gr.

Stafliður A í 2. gr. hljóðist svo:

Skíðasamband Íslands, SKÍ, hefur æðsta vald um sérgreinamálefni skíða- og snjóþettaíþróttarinnar og skíðaskotfimi innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ.

3. gr.

14. tl. 8. gr. hljóðast svo:

Þinginu skipt í fimm nefndir:

- Alpagreinaneftnd
- Skíðagöngunefnd
- Snjóþettanefnd
- Skíðaskotfimineftnd
- Allsherjarnefnd

4. gr.

1.ml. 10. gr. hljóðast svo:

Stjórn SKÍ skipa átta manns sem kosnir eru á Skíðapingi til tveggja ára.

Nýr 3. ml. hljóðist svo:

Falli atkvæði á jöfnu innan stjórnar, hefur formaður úrslitaatkvæði.

Einar Ólafsson tók til máls. Skíðagöngunefnd lagði til að nafnið verði „Skíðaskotfimi“.

Bls. / 7

Bjarni tók til máls og óskaði eftir rökstuðningi Skíðagöngunefndar.

Einar Ólafsson svaraði: Á Íslandi þekkist greinin sem skíðaskotfimi og því talið hentugra.

Þingforseti lagði þingskjal 3 til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóma.

Þingskjal 4 – Lagabreyting á 14. & 10. gr.

Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Tillaga til breytinga á 14. og 10. gr. laga SKÍ

1. gr.

Stafliður c í 16. tl. 8. gr. hljóðist svo:

c. Kosning formanna fastanefnda til tveggja ára.

2. gr.

1. og 2. ml. 10. grein – Stjórn SKÍ, hljóðist svo:

Stjórn SKÍ skipa átta manns sem kosnir eru á Skíðapingi til tveggja ára.

Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður sem kosinn er sérstaklega.
2. Þrír meðstjórnendur sem kosnir er og skipta með sér verkum sem hér segir: varaformaður, ritari og gjaldkeri.
3. Formaður alpagreinaneftndar, sem kosinn er sérstaklega.
4. Formaður skíðagöngunefndar, sem kosinn er sérstaklega.
5. Formaður snjóþrettanefndar, sem kosinn er sérstaklega.
6. Formaður skíðaskotfimineftndar, sem kosinn er sérstaklega.
7. Kjósa skal fyrsta, annan og þriðja varamann til tveggja ára og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir. Taki varamaður sæti í stjórn í stað aðalmanns skal hann sitja út kjörtímabilið.

Kristján Hauksson: Var umræða innan Allsherjarnefnd um kosningar og fyrirkomulag kosninga annað hvert ár?

Gísli svaraði: Var ekki rætt en góð hugmynd.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 5 – Lagabreyting á 6. gr.

Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt

Tillaga til breytinga á 6. gr. laga Skíðasambands Íslands

Skíðaðing, haldið á Ísafirði 20. og 21. september 2024, samþykkir eftirfarandi lagabreytingu á 6. grein laga SKÍ:

Bls. / 8

Ein setning í síðari hluta 6. greinar verði felld út (yfirstrikuð) og í stað komi inn önnur setning (skáletruð og gulmerkt):

6. grein

Skíðaðing hefur æðsta vald um málefni SKÍ. ÍSÍ skal staðfesta samþykktir þess um sérgreinamálefni, enda brjóti þær ekki í bága við lög ÍSÍ og FIS. Hvert aðildarfélag getur sent fjóra fulltrúa á skíðaðing en fær úthlutað atkvæðum á skíðaðing eftir skráðum iðkendafjölda sínum, þannig að fyrir:

Iðkendur	Atkvæði
1-40	1
41-90	2
91-160	3
161 og fleiri	4

Aðildarfélög skulu vera skuldlaus við SKÍ þegar þingið hefst til að halda atkvæðisrétti. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Lagabreytingatillögur þarf þó að samþykkja með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða til að lög öðlist gildi. Fulltrúar atkvæða skulu tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi aðildarfélagi og skal skila inn kjörbréfum við upphaf þinghalds. ~~Leyfilegt er að einn fulltrúi fari með öll atkvæði viðkomandi aðildarfélags.~~ **Hver þingfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ekki er heimilt að greiða atkvæði samkvæmt umboði.** Aðeins sá sem er félagi aðildarfélags er kjörgengur fulltrúi þess á skíðaðingi. Skíðaðing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Gísli kynnti tillöguna og að markmið hennar sé að fá stærra Skíðaðing nái tillagan fram að ganga.

Kristinn: Áhyggjur að tillagan leiði til kostnaðarauka þó möguleiki að fá betra þing. Er nauðsynlegt að setja í reglur kröfur sem leiði til kostnaðarauka?

Ása: Lýsir áhyggjur af kostnaðarauka.

Selma: Vill að allir mæti eins vel og hægt er en áhyggjur að festa kostnaðarauka í lög sambandsins.

Jóna: Betri umræða næst á þinginu með betri mætingu.

Þingforseti bar tillöguna undir atkvæði.

Tillagan var felld.

Þingskjal 6 – tillaga um bikarmót í skíðaskotfimi

Allsherjarnefnd laggði til að tillagan yrði samþykkt

Gísli kynnti þingskjalið.

Tillaga um bikarmót í skíðaskotfimi árið 2024-2025

Ný reglugerð um skíðaskotfimi verði þannig:

Um Bikarmót í skíðaskotfimi

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðaskotfimi í öllum flokkum unglinga og fullorðinna karla og kvenna. Keppt skal samkvæmt reglum IBU (International Biathlon Union). Keppt skal í flokkum samkvæmt aldurskilgreiningu IBU. Fjöldi móta skal vera tvö bikarmót auk Skíðamóts Íslands.
2. Brautir skulu fylgja reglum IBU varðandi lengdir og uppsetningu startsvæðis, skotsvæðis og refsihings.
3. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl árið á undan. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðildarfélögum SKÍ. Á ráslistum og úrslitum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.
4. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við Skíðaskotfiminefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur IBU um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrautir. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til skíðaskotfiminefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal skíðaskotfiminefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur skíðaskotfimisnefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.
5. Ekki skal skipuleggja skíðaskotfimi um sömu helgi og bikarmót í skíðagöngu.
6. Skíðataekni í skíðaskotfimi er frjáls aðferð.
7. Á bikarmótum í skíðaskotfimi SKÍ skal hafa til hliðsjónar þær vegalengdir sem keppt er í hjá IBU. Vegalengdir og keppnisform skal ákvarðast af Skíðaskotfimisnefnd ár hvert. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda ákveðnar vegalengdir/keppnisform getur mótstjóri og eftirlitsmaður breytt því eftir aðstæðum.
8. Innheimt eru mótagjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
9. Í lok hvers móts skal mótshaldari senda úrslit á öll þátttöku félög sem og skrifstofu SKÍ.
10. Á bikarmótum í skíðaskotfimi skal vera eftirlitsmaður, sem skipaður er af annað hvort SKÍ eða IBU skv. reglugerð um eftirlitsmenn.
11. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur IBU.

Útreikningur á bikarstigum í skíðaskotfimi

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðaskotfimi í öllum flokkum 13 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr bikarmótum í skíðaskotfimi og Skíðamóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita.
2. Verðlaun og stigagjöfin á bikarmótum og Skíðamóti Íslands, þrjú verðlaun í hverjum aldursflokki og beggja kynja.

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
2.sæti	80 stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig
4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig

5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig
9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig

3. Ef einstaklingar á meðal þriggja efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrjú efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti.
5. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrjú efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti.
6. Reikna skal saman stigafjölda þriggja bestu hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun:
 1. 13-16 ára (bæði kyn saman).
 2. 17 ára og eldri (bæði kyn saman).

Einar Ólafsson, formaður Skíðagöngunefndar, leggur til breytingu þannig ekki komi fram aldursflokkar þannig að tilmælum Alþjóðlega Skíðaskotfimisambandsins verði fylgt.

Þingforseti bar breytingartillöguna undir atkvæði.
Samþykkt samhljóma.

Þingforseti bar alla tillöguna þannig breytta undir atkvæði
Samþykkt samhljóma.

Þingskjal 7 – Þingsályktun um bætt samskipti og upplýsingaflæði

Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Tillaga til ályktunar um bætt samskipti og upplýsingaflæði innan hreyfingarinnar.

Skíðaþing, haldið á Ísafirði 20. og 21. september 2024, samþykkir að Skíðasamband Íslands geri átak í að bæta samskipti og upplýsingaflæði milli stjórnar SKÍ, starfsmanna þess og aðildarfélaga. Byggja þarf upp traust, skilgreina samskiptaleiðir og flýta afgreiðslutíma erinda.

Þingforseti bar þingskjal undir atkvæði.

Samþykkt samhljóma.

Þingskjal 8 – Þingsályktun um skoðun á verklagsreglum varðandi skráningar á mót

Allsherjarnefnd lagði til að tillaga yrði samþykkt.

Gísli kynnti þingskjalið.

Skíðaðing, haldið á Ísafirði 20. og 21. september 2024, samþykkir að farið verði yfir verklagsreglur varðandi skráningu á bikarmót, SMÍ og UMÍ og greiðslu skráningargjalda, sem og tímamörk afskráninga á sömu mót og endurgreiðslu skráningargjalda. Reglurnar verði kynntar vel og hafðar aðgengilegar á heimasíðu Skíðasambandsins.

Þingforseti bar þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóma.

Bls. / 11

Þingskjal 12 – Þingsályktun um mótaskráningar og uppgjör móta

Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Gísli kynnti þingskjalið.

Tillaga til ályktunar um mótaskráningar og uppgjör móta

Skíðaðing, haldið á Ísafirði, 20. og 21. september 2024 samþykkir að stefnt sé að því að allar skráningar og staðgreiðsla mótagjalda á bikar-, UMÍ og Skíðamót Íslands á vegum sambandsins fari í gegnum Mótakerfið. Íslandsgöngur eru undanþegnar þessu ákvæði.

Mótakerfið verði einnig nýtt til að birta öll úrslit þessara móta og stigastöðu einstaklinga og liða eftir því sem við á. Þetta gildi um mót á vegum SKÍ, en öðrum mótshöldurum er heimilt að nota kerfið með samþykki SKÍ fyrir sín mót.

SKÍ er falið að efna til kynningar meðal félaga sambandsins á nýtingu forritsins fyrir áramótin næstu.

Jónas tók til máls. Myndi fagna verklagsreglum og skýrari ramma um mótahald og greiðslur í mótum á vegum SKÍ.

Einar Ólafsson tók til máls. Áhyggjur skíðagöngunefndar um reynslu þeirra af mótakerfi SKÍ ásamt því að Íslandsgangan er ekki eingöngu með þátttakendur sem eru skráðir iðkendur í SKÍ.

Sigrún María: Af hverju þurfa greiðslur vegna móta að fara gegnum SKÍ með því aukna umstangi sem því fylgir? Vantar að auki ekki frekari möguleika fyrir skráningu í gegnum mótakerfi SKÍ, t.d. að þjálfarar og félögin geti skráð keppendur en ekki foreldra.

Gísli tók til máls. Vegna vandamála við greiðslumiðlun og upphaflega uppsetningu er hentugast að nota biðreikning SKÍ. Mögulega er næsta skref að greiðslur vegna berist beint til mótshaldara.

Aðalsteinn: Brettanefnd leggur til að þingskjalið verði samþykkt.

Jónas tók til máls: SKÍ hefur tekið að sér kostnað vegna greiðslumiðlunar fyrir félögin sem er talið hagkvæmara fyrir hreyfinguna. Stefnt að vikulegu uppgjöri í stað mánaðarlegs uppgjors síðastliðinn vetur.

Hulda: Þyrfti að vera með marga notendur til að skrá í fleiri en 1 iðkenda þannig að bætt flæði í skráningarkerfinu myndi bæta og auka notkun.

Þingforseti bar fram breytingartillögu „stefnt sé að því“ undir atkvæði.
Samþykkt samhljóma

Þingforseti bar fram breytingartillögu: „bikar, UMÍ og Skíðamóta Íslands“ undir atkvæði. Samþykkt samhljóma.

Þingforseti bar fram breytingartillögu: „Íslandsgöngur eru undanþegnar þessu atkvæði“ Samþykkt samhljóma.

Bls. / 12

Þingforseti bar skjalið í heild sinni undir þingið. Samþykkt samhljóma.

Þingskjal 9 – Þingsályktun um verklagsreglur o.fl. vegna bókana æfinga- og keppnisferða

Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði felld.

Gísli kynnti tillöguna og afstöðu allsherjarnefndar.

Alpagreinanevnd lagði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Tillaga til ályktunar um verklagsreglur o.fl. vegna bókana æfinga- og keppnisferða á vegum SKÍ

Skíðaping, haldið á Ísafirði 20. og 21. september 2024, samþykkir að farið verði yfir verklagsreglur varðandi undirbúning, skipulag og bókanir æfinga- og keppnisferða afreksmanna sem ferðast erlendis á vegum SKÍ.

Þingforseti bar skjalið undir þingið.

Þingskjalið var samþykkt samhljóma.

Þingskjal 10 – Þingsályktun um uppfærslu aldursákvæða í keppnisreglum

Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Gísli kynnti tillöguna sem er einföld uppfærsla á ártölum.

Kristján tók til máls. Orðalag opnar að fleiru verði breytt en töflunum. Breytingartillaga frá Skíðagöngunefnd að tilgreina aldursflokkaákvæðingarástaklega og að þær verði uppfærðar ár hvert.

Þingforseti bar fram breytingartillögu um að fella brott orðið „reglur“ og setja „töflur“ í staðinn.

Samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar fram breytingartillögu um að fella brott „n.k.“ og setja „ár hvert“ í staðinn.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga að ályktun Skíðapings um uppfærslu á aldursflokkaákvæðum keppnisreglna SKÍ.

Þingforseti bar tillöguna í heild sinni undir atkvæði.

Skíðaðing haldið 20. og 21. september 2024, samþykkir að fela stjórn að uppfæra aldursákvæði í keppnisreglum SKÍ eftir því sem á við. Einnig að nýjar töflur verði útgefnar fyrir 1. nóvember ár hvert.

Samþykkt samhljóða.

Bls. / 13

Þingskjal 11 – Þingsályktun um aðstöðumál

Allsherjarnefnd leggur til að verði samþykkt.

Þingforseti bar þingskjal undir atkvæði.

Skíðaðing, haldið á Ísafirði 20. og 21. september 2024, fagnar hugmyndum um skíðahús í Reykjavík og ítrekar fyrri afstöðu um nýjar hugmyndir að rekstri og skipulagningu nýrrar Vetraríþróttamiðstöðvar á Norðausturlandi. Framþróun verður að eiga sér stað í aðstöðu ef íþróttin á að geta mætt kröfum samtímans eins og aðrar íþróttagreinar.

Skíðaðing beinir því til stjórnar að vinna ötullega að framgangi bættrar aðstöðu í til iðkunar skíða- og snjóþróttamiðstöða í landinu.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 13 – Keppni í stubbum

Alpagreinanevnd leggur til að verði samþykkt með breytingum.

Sigurður kynnir tillöguna og breytingatillögu frá Alpagreinanevnd.

Kristinn tók til máls um álit SKA að rétt sé að samþykkja skjalið þó með fyrirvara um hvort það verði innleitt fyrir næsta Andrés Andarleika.

Skíðasamband Íslands sendir leiðbeinandi tilmæli til allra skíðafélaga á Íslandi um að innleidd verði meiri þjálfun og keppni í stubbum.

Þingforseti bar þingskjalið undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 14 – Tillaga að breytingu á reglugerð um SMÍ í skíðagöngu

Skíðagöngunefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt utan breytingartillögu á SMÍ.

Einar Ólafsson kynnir tillöguna og álit Skíðagöngunefndar að verði samþykkt með viðbót við 7. grein.

7. grein verður með viðbót:

Kept verður til Íslandsmeistara í liðaspretti og 20 km skiptigöngu á einhverju af bikarmóti vetrarins, sem verða ákveðinn með mótatöflu.

Þingforseti bar breytingartillögu undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar þingskjalið í heild sinn undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 15 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Íslandsgöngu

Bls. / 14

Skíðagöngunefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Einar Ólafsson kynnti tillöguna og breytingar á 5. og 6. gr. reglugerðar um Íslandsgöngu.

2. málsgrein verður „...17 ára og eldri kvenna og karla hins vegar. Allir liðsmenn fá stig sem ljúka keppni innan stígatöflu,, ásamt breytingum á aldursflokkum með því að fella niður flokk 70 ára og eldri auk þess sem „50-64 ára“ og „65 og eldri“ komi í stað „50-59 ára“ og „60-69 ára“ aldursflokka.

Þingforseti bar þingskjalið undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 16 – Tillaga að breytingu á gjaldskrá

Allsherjarnefnd.

Gísli kynnti þingskjalið.

Skíðaðing, haldið á Ísafirði 20. og 21. september 2024, samþykkir að gera breytingar á gjaldskrá þannig að gjald verði tvískipt og lækki fyrir 1-4. bekk og verði þá frekar hærra fyrir eldri krakka en ekki eitt verð fyrir alla óháð aldri eins og nú er. Lagt er til að 1. til 4. bekkur borgi kr. 3.000 og eldri kr. 5.500 miðað við gjaldið eins og það er núna kr. 4.500.

Allsherjarnefnd lagði til að skjalið yrði fellt og tekið til umræðu á næsta Skíðaðingi með eftirfarandi breytingartillögu.

Skíðaðing haldið á Ísafirði samþykkir að fela stjórn að skoða gjaldskrá sambandsins og kynna niðurstöður sínar á næsta Skíðaðingi.

Þingforseti bar breytingartillögu undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

16) Kosning formanns skíðaskotfimnefndar

Í framhaldi af breytingum á lögum SKÍ er nauðsyn að kjósa fulltrúa Skíðaskotfimi í stjórn SKÍ til eins árs. Fyrir fundinn liggur framboð Veronika Guseva.

Önnur framboð komu ekki fram.

Þingforseti bar framboð undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

17) Kosning kjörnefndar

Þingforseti kynnti tillögu að kjörnefnd til næsta Skíðapings, sbr. 5. gr. laga SKÍ.

Tilnefnd eru Selma Árnadóttir, Sigrún Maríu Bjarnadóttir og Ásgeir Örn Jóhannsson.

Bls. / 15

Þingforseti bar tillögu undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

18) Þingslit

Þingforseti þakkaði fyrir góða áheyrn.

Bjarni Th. Bjarnason, formaður SKÍ þakkaði fyrir gott þing og sagðist hlakka til að vinna með skíðahreyfingunni á næstu misserum. Hann þakkaði heimamönnum fyrir góðan undirbúning, þingfulltrúum fyrir góðar umræður á þinginu, starfsfólki SKÍ fyrir undirbúninginn og Vésteini sérstaklega fyrir framlag hans til þingsins.

Að því loknu sleit formaður Skíðapingi 2024.

Þingforseti,
Gylfi Ólafsson.

Þingritarar,
G. Daði Rúnarsson og Jónas Egilsson.